

Föstudaginn 6. júní 1952.

Nr. 153/1951. **Anna Friðriksson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

**Halldóri Björnssyni** (Sigurgeir Sigurjónsson).

Frestur veittur.

### Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta var þingfest í nóvembermánuði f. á. Með samkomulagi aðilja var því þá frestað til febrúarmánaðar þ. á. og síðan til maímánaðar.

Er málið var tekið fyrir hinn 30. f. m., bað umboðsmaður áfrýjanda um frest til septembermánaðar næstkomandi. Umboðsmaður stefnda mótmælti þeim fresti, enda hafði hann lýst því, er málinu var frestað í síðastliðnum febrúarmánuði, að hann mundi ekki samþykkja frekari frest.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. október f. á. Leitt er í ljós, að dómsgerðir höfðu þegar verið pantaðar hinn 11. júní f. á., en að þær hafa eigi enn verið afgreiddar. Er eigi sannað, að áfrýjandi eða umboðsmaður hans hér fyrir dómi eigi slíka sök á drætti þessum, að synja beri um frestinn. Ber því að veita áfrýjanda frest til septembermánaðar n. k. samkvæmt beiðni hans.

### Ályktarorð:

Áfrýjanda er veittur frestur til septembermánaðar næstkomandi.

---